

Truenorth Nordic

Garðabær, 13. júní 2025

202505-0163/I.M.B.

10.02.01

Umsókn um leyfi til undanþágu frá banni við akstri utan vega vegna kvikmyndatöku

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Truenorth Nordic, dagsett 28. maí 2025 um leyfi til aksturs utan vega vegna kvikmyndatöku.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Náttúruverndarstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um undanþágu frá banni við akstri utan vega vegna kvikmyndagerðar. Um er að ræða þrjár staðsetningar, þ.e. við Markarfljótsós, Hjörleifshöfða og Syðra Skóganes tímabilið 16.-20. júní 2025. Um er að ræða næturtökur.

Við Markarfljótsós (16. júní) verður búnaður ferjaður eftir vegi á varnargarði út á sandinn við manngerðan varnargað. Ekið verður eftir einni aksturslínu að tökustað og til baka við ósa fljótsins að vestan. Eingöngu breytt fara tæki á belgmeiri dekkjum, sexhjólum og buggy bílum samtals 10 tæki til að ferja búnað. Settar verða upp vinnubúðir á svæði norðan við Landeyjarhöfn. Þar þarf að aka pallbílum á mjúku dekkjum, buggy bílum og fjórhjólum.

Við Hjörleifshöfða (17.-20. júní) verður sett upp vinnutjald vestan höfðans og tökustaðurinn er sunnan hans. Þar verður ekið eftir slóðum. Þörf er á að aka utan vega hjá vinnubúðunum að öðru leiti verður allur akstur á sandinum á merktum slóðum og allur búnað borinn á tökustað og fólk labbar frá slóðanum á tökustað.

Við Syðra Skóganes (23.-24. júní) verður ekið eftir slóða eftir fjöruborðinu norðan á nesinu og tökustaður er sunnan á því. Ökutækjum verður lagt á tún og bílastæðum við bæjarstæðið, auk þess sem lagðar verða plötur til að útbúa stæði. Fyrirkomulag verkefnis við Skóganes verður með sama hætti og við Markarfljótsós.

Gengið verður frá svæðunum með slóðadrætti og kústum. Skýringarmyndir með nákvæmum staðsetningum og akstursleiðum fylgdu umsókninni.

Áhrifamat:

Náttúruverndarstofnun metur að verkefnið hafi tímabundin neikvæð áhrif á náttúru svæðanna sem um ræðir. Hægt er að draga dragar úr áhrifum verkefnisins sé skilyrðum leyfisins fylgt.

Niðurstaða:

Náttúruverndarstofnun veitir Truenorth nordic fyrir sitt leyti undanþágu frá banni við akstri utan vega sbr. sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd vegna ofangreinds kvikmyndatökuverkefnis dagana 16.-30. júní að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á svæðunum hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Náttúruverndarstofnun.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Vandað skal við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki verkefnisins.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna tillitssemi og tryggja að aksturinn valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefni af ökutæki í akstri utan vega, sem gæti hvatt til utan vega aksturs, er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Náttúruverndarstofnunar hafi fengist fyrir akstrinum.
- Takmarka skal akstur farartækja eftir því sem kostur er.
- Einungis skal aka að tökustað og eftir þeirri leiðum sem skilgreindar eru í verklýsingu. Afmá skal öll hjólför utan vega að verkefni loknu.
- Aðrar bifreiðar en þær sem óskað er eftir leyfi til að keyra utan vega vegna kvikmyndatökunnar er ekki heimilt að keyra utan vega.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að aka yfir gróíð svæði.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags og MAST gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Leyfisgjald:

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um akstur utan vega er kr. **62.400**- sbr. 6. gr. í gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

Eftirlit:

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Virðingarfyllst

Hákon Ásgeirsson

sviðsstjóri

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur